

Akureyrbær
Pétur Bolli Jóhannesson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Geislagötu 9
600 Akureyri



Reykjavík, 8. júní 2009
Tilvísun: UST20090300011/ksj

Athafnasvæði í Krossaneshaga Akureyri Deiliskipulag, áfangi C

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Akureyrar er barst 3. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulagstillögu er nær yfir um 20 ha. svæði er afmarkast af Óðinsnesi í suðri, Krossanesbraut í austri og Krossanesborgum í norðri. Erindinu fylgja uppdrættir, greinargerð og umhverfisskýrsla. Einnig er tekinn með í C áfanga hluti B áfanga, þ.e.a.s. lóðir nr. 1 og 2 við Ægisnes.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillögu fyrir C áfanga athafnasvæðis í Krossaneshaga á Akureyri, en vill koma eftirfarandi á framfæri.


Eins og fram kemur í greinargerð og á uppdrætti liggur ofangreint athafnasvæði C rétt fyrir sunnan svæði nr. 507 á náttúruminjaskrá: *"Krossanesborgir, Akureyri, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. Krossanesborgir, Krossaneshagi, Brávellir, Blómsturvellir, Pétursborg og Silastaðatangi. Að sunnan afmarkast svæðið af túna í Ytra Krossanesi, að vestan af þjóðvegi og túnum í Dvergasteini, en Teigalæk og Efra-Lóni að norðan. Sérkennilegt landslag, jökulminjar og votlendi. Hentugt útvistarsvæði í nágrenni péttbýlis."*

Umhverfisstofnun telur því skilgreiningu athafnasvæðisins mikilvæga og tekur undir að á svæðið veljist iðnaður sem felur ekki í sér mengandi starfsemi. Umhverfisstofnun tekur einnig undir að opið óbyggjt svæði er milli athafnalóða og svæðis á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þar sem Krossanesborgir eru með mikið útvistargildi og liggja svo nálægt þéttbýli þurfi að gæta þess að hávaðasamur iðnaður veljist ekki á lóðir nálægt Krossanesborgum, til að útvistargildi svæðisins skerðist ekki sökum hávaðamengunar.


Umhverfisstofnun mælir með að haft verði samráð við stofnunina áður en jarðvinna hefst.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun